

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. gr. laga nr. 57/1976, um námslán og námsstyrki, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 31. desember 1980.

Ingvar Gíslason.

Birgir Thorlacius.

8. desember 1980.

Nr. 660.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum borgarráðs hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Biðskylda verður á Stekkjarbakka gagnvart umferð á ónefndri götu milli Reykjanesbrautar og Stekkjarbakka.
2. Stöðvunarskylda á Laufásvegi við Hafnarfjarðarveg verður afnumin.
3. Biðskylda verður á húsagötu Suðurlandsbrautar gagnvart umferð um Vegmúla.
4. Hægri beygja af Hafnarfjarðarvegi á Laufásveg verður bönnuð.
5. Vinstri beygja af Laufásvegi á Hafnarfjarðarveg verður bönnuð.
6. Vinstri beygja af Skúlagötu á Vatnsstíg verður bönnuð.
7. Fálkabakki verður lokaður fyrir annarri umferð en strætisvagna og skólabifreiða.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 18. desember n. k.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 8. desember 1980.

Sigurjón Sigurðsson.

8. desember 1980.

Nr. 661.

AUGLÝSING

um umferð og bifreiðastöður í Hafnarfirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð og bifreiðastöður í Hafnarfirði:

1. Umferð.
 - a. Á Ásbúðartröð og Hvaleyrarbraut er einstefna til norðurs og vesturs frá Hólabraut.
 - b. Umferð um Hringbraut nýtur fyrst um sinn forgangs fyrir umferð um Ásbraut (biðskylda).
 - c. Hvammabraut hefir aðalbrautarrétt gagnvart öllum hliðargötum sem að henni liggja (biðskylda).
 - d. Umferð um Hvammabraut er stöðvunarskyld við gatnamót Reykjanesbrautar (Keflavíkurvegur) (stans).
 - e. Umferð um Hvaleyrarbraut (framhald Ásbúðartraðar) er stöðvunarskyld við gatnamót Hólabrautar (stans).